

STARFSREGLUR

fyrir flugslysaneftnd.

1. gr.

Nefndin heitir „Flugslysaneftnd“, á ensku “National Air Safty Board”.

Nefndin heyrir stjórnarfarslega beint undir samgönguráðherra.

Samgönguráðherra skipar formann sérstaklega en að öðru leyti skiptir nefndin með sér störfum.

Samgönguráðherra lætur nefndarmönnum í té persónuskilríki til sönnunar um réttarstöðu og heimildir þeirra í störfum.

2. gr.

Flugslysaneftnd heldur fundi eftir þörfum. Formaður flugslysaneftndar boðar fundi og stjórnar þeim.

Flugslysaneftnd heldur gerðarbók um störf sín.

3. gr.

Rannsóknarstarf nefndarinnar varðandi einstök flugslys skal fyrst og fremst miða að því hvernig koma megi í veg fyrir að flugslys endurtaki sig.

Á grundvelli sjálfstæðra og óháðra rannsókna á orsökum flugslysa skal nefndin gera tillögur um hvers konar úrbætur í flugöryggismálum.

4. gr.

Flugslysaneftnd ákveður sjálf hvaða mál hún kannar innan íslensks yfirráðasvæðis og einnig utan þess, svo framarlega sem lög annarra þjóða eða alþjóðareglur standi ekki í vegi.

Nefndin getur leitað aðstoðar sérfræðinga, innlendra eða erlendra, ef sérstök nauðsyn krefur.

5. gr.

Samgönguráðherra getur falið flugslysaneftnd sérstök verkefni, sem miða að auknu öryggi í flugmálum.

6. gr.

Nú verður flugslys, sem 141. – 147. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir og lög nr. 8/1983 ná til og skal þá flugmálastjórn tilkynna nefndinni um það, svo fljótt sem auðið er.

Eftir atvikum skulu einn eða fleiri nefndarmenn fara á vettvang til að fylgjast með vettvangsrannsókn, sem flugmálastjórn framkvæmir í samráði við nefndarmenn.

Nefndarmönnum skal séð fyrir nauðsynlegum búnaði vegna vettvangskannana.

Flugmálastjórn skal sjá til þess að nefndarmenn hafi óhindraðan aðgang að slyssað og öllum gögnum og upplýsingum er þeir telja skipta máli á vettvangi.

Nefndarmenn hafa sjálfstæðan rétt til að kveðja sér til aðstoðar lögreglu, svo og annað björgunar- og hjálparlið.

Nefndarmenn hafa rétt til skýrslutöku og gagnasöfnunar á vettvangi, eftir eigin mati.

7. gr.

Flugslysaneftnd getur kafið flugmálastjórn um aðgang að öllum rannsóknargögnum á hvaða stigi framhaldsrannsóknar sem er.

Á grundvelli þeirra og eigin athugana ákveður nefndin hvort viðkomandi tilvik skuli tekið til sjálfstæðrar rannsóknar á vegum nefndarinnar.

Slík rannsókn skal framkvæmd í náninni samvinnu við flugmálastjórn og rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þegar flugslysaneftnd hefur lokið rannsókn skal hún semja bráðabirgða skýrslu um niðurstöður hennar og gefa ábendingar um hvernig koma megi í veg fyrir að sams konar eða lík atvik endurtaki sig.

Skýrslan skal send flugmálastjórn til umsagnar og lokaskýrsla síðan send flugráði og samgönguráðherra.

8. gr.

Flugslysaneftnd getur endurupptekið þegar rannsakað mál, ef fram koma ný og mikilvæg gögn.

Samgönguráðherra getur hvenær sem er lagt fyrir nefndina að framkvæma ítarlegri rannsókn í máli.

9. gr.

Þegar flugmálastjórn hefur að sínu leyti lokið rannsókn á flugslysi, sbr. 1. mgr. 6. gr. starfsreglna þessara, skal flugmálastjórn senda flugslysaneftnd afrit af lokaskýrslu um málið.

10. gr.

Ákveði flugslysaneftnd ekki sjálfstæða rannsókn skv. 7. gr., lýkur hún málinu með bókun.

Þá afstöðu getur nefndin þó endurskoðað hvenær sem er, ef tilefni gefst til.

11. gr.

Samgönguráðherra ákveður hvort skýrslur flugslysaneftndar skuli birtar.

Án leyfis samgönguráðherra er flugslysaneftnd óheimilt að gefa upplýsingar opinberlega um störf sín.

12. gr.

Flugslysaneftnd skal leitast við að hafa samvinnu við sams konar aðila annarra þjóða og taka almennt þátt í alþjóðasamskiptum að því er flugöryggismál varðar, eftir því sem samgönguráðherra ákveður hverju sinni.

13. gr.

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af störfum flugslysaneftndar.

14. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 5. mgr. 1. gr. laga nr. 8 10. mars 1983 um breyting á lögum um loftferðir nr. 34/1964 og taka þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 19. maí 1983.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.